



Ársskýrsla Evrópuráðsins 1965. Pétur Eggerz, fastafulltrúi Íslands.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Forsætisráðherra – Pétur Eggerz – Evrópuráðið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-32, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á R S S K Ý R S L A 1965

Pétur Eggerz, fastafulltrúi

Efnisyfirlit:

1. Saarbls 1-6
2. Struthofbls 7-9
3. Churchillbls 9-10
4. Lögfræðibls 10-11
5. Viðreisnarsjóðurinn bls 11-15
6. Námsstyrkir
Evrópuráðsinsbls 15-16
7. Almenntbls 16

4. janúar 1966.

Saar.

Það er margt þrætueplið í Evrópu, og er Saar eitt þeirra. Ýmsir sögufrægir menn hafa seilst eftir þessu þrætuepli og þá oft um leið komið fram lýsing á skaphöfn þeirra, og mætti í þessu sambandi nefna menn eins og Clemencau og Adenauer.

Lengi réðu ríkjum í Saar hinir svokölluðu Saarbrücken-greifar, sem reyndu að hafa gott samband í senn bæði við Þýskalandskeisara og Þjóðhöfðingja Frakklands.

Þegar fyrstu heimsstyrjöldinni lauk 1918 og umræður um friðarsamninga hófust, þá gerði Clemencau kröfu til hins kolaríka Saarhéraðs fyrir hönd Frakklands. En ekki vildu Lloyd George og Wilson ganga inn á kröfur hans. Þó fjalla 45 til 50 greinar Versailles-samningsins um Saar.

Hinn 1. janúar 1957 hélt Konrad Adenauer eins og sigurvegari inn í Saarbrücken, sem er höfuðborg Saar til þess að fagna því, að þann dag varð Saar hluti af Þýsklandi. Eins og einn þekktasti rithöfundur Þýskalands orðaði það: Adenauer fékk Saar afhent á silfurbakka.

Þar sem Evrópuráðið hefði sjálfsagt ekki orðið til ef Þýskaland hefði ekki hafið seinni heimsstyrjöldina, og þar sem Adenauer notaði að nokkru Evrópuráðið í sambandi við endurheimtu Saar, skal nokkuð vikið að þessu mjög pólitíska þrætuepli.

Lausn Saarmálsins var nauðsynlegur undanfari kola- og stálsamsteypunnar (ECSC, þátttökulönd: Belgía, Frakkland Þýskaland, Ítalía, Luxembourg, Holland). Ennfremur var lausn Saarmálsins að nokkru leyti undanfari þýsk-franska vináttusamningsins, sem var undirritaður í Elysséeslotinu í París árið 1963 af Adenauer og de Gaulle.

Adenauer hefur margoft lýst því yfir, að hann telji eitt þýðingarmesta viðfangsefni, sem hann hafi leyst af hendi, vera lausn þrætumála Frakklands og Þýskalands. Og nú, þegar hann er að verða nírsður, ennþá ungur í anda og ekki sjáanleg nein ellinglöp á honum, þá gefur hann flokksmönnum sínum einkunn eftir afstöðu þeirra til sambands Frakklands og Þýskalands.

Adenauer er og hefur alla tíð verið tannhvass og oft orðheppinn og orðhagur. Hefir þetta hvorutveggja í senn skapað honum aðdáun og óvild. Enda er jafnan einhver nærstaddur, og það ekki af neinni tilviljun, sem heyrir ummæli hans og flytur þau áfram.

Adenauer gerði Schröder þáverandi innanríkisráðherra að utanríkisráðherra árið 1961. Komu á þessum tíma bæði Franz Josef Strauss og Gerstenmayer þingforseti til greina sem utanríkisráðherrar. Eins og kunnugt er, er Schröder talinn mjög hæfileikaríkur maður og var talið sennilegt, að Adenauer vildi, að hann yrði eftirmaður sinn. En nú hefur þetta farið á allt annan veg og ríkja þar engir kerleikar á milli. Þegar Adenauer taldi að Schröder legði meiri áherslu á samband við Ameríku heldur en Frakklands, og að hann væri orðinn dúsbróðir Deans Rusk, þá heyrðist hann segja: "Hann herra Schröder er ekkert annað en skrifari hjá Dean Rusk". Það þarf ekki nema að líta einu sinni á mynd af Clemencau til þess að skynja þann skaphita og geðofsa, sem sagan segir að þessi franskir ráðherra hafi verið haldinn. Kröfur þar, sem Clemencau setti fram varðandi Saar í umræðunum um friðarsamninga eftir fyrstu heimsstyrjöldina, náðu ekki fram að ganga. Þó fékk hann því komið til leiðar, að Frakkland fékk kolánámur í Saar sem skaðabætur fyrir kolánámur, sem höfðu orðið óvirkar í Norður-Frakklandi í stríðinu.

En Clemencau vildi meira heldur en Saar, hann vildi láta Þjóðverja finna fyrir því óréttlæti, sem þeir höfðu beitt aðra í stríðinu svo um munaði. Clemencau vildi láta kné fylgja kviði, svo að Þjóðverjar væru ekki líklegir til þess að rísa upp í brád.

Samkvæmt Versaillesamningum bar að láta Þjóðaratkvaðagreiðslu fara fram í Saar árið 1935. Og fór hún fram hinn 1. janúar 1935. Atkvaðagreiðsla leiddi í ljós, að 90,8 prósent Saarbúa vildu tilheyra Þýskalandi. En þegar þessi atkvaðagreiðslan fór fram í Þýskalandi, þá voru orðnir aðrir tímar þar en áður fyrr, því að síðan 1933 var nú Hitler allsráðandi þar. Þrátt fyrir að Hitler hefði ekki mikið dálæti á Versaillesamningunum, þá fór þessi atkvaðagreiðsla fram.

Hitt er svo annað mál, að margir velta því fyrir sér hvort Clemenceau hafi ekki óviljandi orðið til þess að skapa gróðrarskilyrði fyrir mann á borð við Hitler með herkju sinni í garð Þjóðverja og skort hans á sáttfýsi og sanngirni. Og hefði þó Clemenceau gengið mun lengra ef Lloyd George og Wilson hefðu ekki setið á honum að einhverju leyti. Það er skemmt frá því að segja, svo talað sé í líkingamáli, að í munni Hitlers varð Versaillesamningurinn að blótsyrði og hann tætti hann í snepla og fleygði honum framan í ráðamenn hins demókratiska heims án þess að þeir treystu sér til þess að gefa viðeigandi svör. Enda ekki minni skapofsi í Hitler heldur en í Clemenceau. Leið nú og beið, og Hitler hélt áfram að storka hinum demókratíska heimi, og að lokum fór svo að málirinn varð fullur og önnur heimsstyrjöld braust út með árás Þjóðverja á Pólland.

Þegar þessari styrjöld lauk voru örlög Þýskalands enn á ný tekin til meðferðar, og þá einnig örlög Saar.

Saar komst undir stjórn frönsku herstjórnarinnar, innan ramma fjórveldastjórnarinnar, sem stýrði Þýskalandi til bráðabirgða. Enn á ný vaknaði löngun Frakka til þess að innlima kolahandið Saar inn í Frakkland. Reyndi Frakkland að fá þá sem undirrituðu Postdamer-sankomulagið til þess að styðja sig í þessari viðleitni. Afstaða Postdamer-veldanna var í stórum dráttum sú, að Bandaríkin og Bretland létu viðgangast, að Frakkland færi sínu fram í Saarlandspólitík sinni, en settu það þó sem skilyrði, að réttaretaða Saar yrði endanlega að ákveðast á væntanlegri ráðstefnu, sem ræddi friðarskilyrði þau, sem Þýskalandi yrðu sett. Rússar settu sig hinsvegar á móti því að Frakkland kæmist yfir Saar.

Gekk nú á ýmsu. Bæði Saar og Þýskaland urðu aðiljar að Evrópuráðinu árið 1950, og Frakkar unnu markvisst að því að innlima Saar í Frakkland. Margt er nú gleymt, sem gekk fyrir sig sig þá, eins og það, að Frakkar hvöttu Saar til þess að hafa sendiherra í París. Allt féll Þjóðverjum þetta mjög illa, kappsamir eins og þeir eru. Enda ekki létt fyrir menn með slíkt skapferli að tapa tveimur stríðum og hlusta á örlög sín fædd fyrir opnum dyrum eins og þeir væru ómagar. En Þjóðverjar höfðu með heimastyrjöld númer tvö kallað yfir sig hatur, og þeir höfðu skapað ótta í brjósti margra þjóða.

Sex til átta milljónir manna eiga sér marga aðstandendur, hvort heldur sem rétt er, að Þjóðverjar hafi drepið markvisat 6 eða 8 milljónir Gyðinga. Ekki má heldur gleyma því, þegar vegið er og metið, að Þjóðverjar hefðu fengið að sinna sínum áhugamálum óáreittir undir forustu Hitlers, þá hefðu þeir sjálfsgætt útrýmt öllum Gyðingum í þessum heimi, sem þeir hefðu náð til.

Deilur Frakka og Þjóðverja útaf Saar trufluðu mjög samstarfið innan Evrópuráðsins. Mörgum alþjóðasamningum, sem voru tilbúnir til undirskriftar var slegið á frest af þessum orsökum. Þjóðverjar neituðu að samþykkja það, að Saar gæti orðið sjálfstæður aðilji að alþjóðasamningi gerðum fyrir tilstilli Evrópuráðsins. Frakkar neituðu þá að taka þátt í alþjóðasamningi á vegum Evrópuráðsins án þátttöku Saar.

En nú voru tvö stórmál í uppsiglingu í Evrópu, sem margir stjórnámálamenn innan og utan Evrópuráðsins höfðu mikinn áhuga fyrir. Annað var stofnun kola og stálsamsteypu Evrópu (European Coal and Steel Community 1954) en hitt var Varna-bandalag Evrópu (European Defence Community). En það var talinn alveg nauðsynlegur undanfari þess að þessi mál næðu fram að ganga að hægt væri að leysa þaarmálið. Þá var það, að þrjátíu framsýnir þingmenn frá 11 þátttökulöndum Evrópuráðsins sendu hinn 17. september 1952 áskorun til Evrópuráðsins, þess efnis, að unnið væri að lausn Saar-málsins. Áskorun þessi var send til aðgerða pólitísku nefndar Evrópuráðsins (Committee on General Affairs). Lögðu nú margir kunnir stjórnámálamenn í Evrópu hönd á plóginn til þess að finna þá lausn, sem bæði Frakkland og Þýskalandi gætu sett sig við. Þetta var ekkert áhlaupaverk, því að innra með mörgum Þjóðverjanum og mörgum Frakkanum börðust skynsemin og blóði drifin heift um völdin.

Tillögur Van der Goes van Naters vöktu athygli. Samdi hann skýrslu um réttarstöðu Saar. Skýrsla þessi hafði sína þýðingu í sambandi við lausn málsins, þó ekki yrði hún samþykkt. Enn var haldið áfram sleitulaust að vinna að málinu.

Svo fór, að á fundi, sem haldinn var í Strasbourg, og sem bæði Adenauer og varaforsetisráðherra Frakklands sátu auk annarra þekkra stjórnámálamanna eins og Spaak, náðist samkomuleg.

Að loknum þessum fundi, sem var haldinn hinn 20. maí 1954 var gefin út fréttatilkynning með samþykki Adenauers og franska forsetisráðherrans, þar sem tilkynnt var, að samkomulag hefði náðst um lausn Saar-málsins, og samkomulag þetta væri byggt á tillögum þeim, sem Ráðgjafabing Evrópuráðsins hefði lagt fram til lausnar málsins.

Að vísu fór svo, þrátt fyrir yfirlýsingu Adenauers og forsetisráðherra Frakklands, að lausn Evrópuráðsins varð ekki hin endanlega lausn þessa máls. En samt er talið, að afskipti Evrópuráðsins af þessu máli hafi átt meiri þátt en nokkuð annað í því að Saar-málið leystist. Saar-málið leystist síðan endanlega á þann veg, sem lýst er hér að framan, að Saar varð hluti af Þýskalandi hinn 1.1.1957.

Ekki varð af því að stofnað yrði varnabandalag fyrir Evrópu, sem getið er um hér að ofan. Strandaði það á franska þinginu, sem fellði 30. ágúst 1954 tillögu um það, að Frakkland gerðist aðilji að samningi, sem stofnaði Varnabandalag Evrópu. En þó að þetta mistakist, þá varð þó önnur stefnun sett á laggirnar nokkru seinna, en það var W.E.U., eða fullu nafni Western European Union, sem að nokkru leyti stefnir að svipuðu marki og hið fyrirhugaða Varnabandalag. Og má segja að það að hugmyndin um varnabandalag Evrópu mistókst, hafi átt beinan þátt í því að W.E.U. var stofnað og er hér um athyglisvert pólitískt fyrirbrigði að ræða, sem skýrt skal hér nokkru nánar.

Enda þótt styrjöldinni lyki árið 1945, þá hötti ekki að óma í eyrum nággranna Þjóðverja skóhljóð þýzkra hermanna, sem þrammað höfðu yfir landamærá þeirra, gráir fyrir járnum. Ekki gleymdu heldur Bretar gnýnum af flugskeytum Þjóðverja, sem lögðu hvert húsið á fatur öðru í rúst í London.

Þhrif hins nýafstaðna stríðs urðu til þess, að England Frakkland, Belgía, Hollandi Luxembourg gerðust aðiljar að hinum svokallaða Brüsseler-samkomulegi, sem þeir undirrituðu 13. marz 1948. Samningi þessum var að nokkru leyti beint að Þýskalandi, var einkonar varnarbandalag ef á ný kemur til hernaðaraðgerða af hálfu Þjóðverja (economic, social cultural, collaboration and Collective Self Defence).

En það sem skeði við stofnun Western European Union var raunverulega það, að Þýskalandi og Ítalíu var gefinn kostur á að gerast aðiljar að Brüsselarsamkomulaginu. Brüsselarsamningurinn hafði í millitíðinni tekið ýmsum breytingum í framkvæmd. Þetta var greinilegur vottur um mikla pólitíska breytingu í afstöðunni til Þýskalands. Árið 1948 er Brüsselarsamkomulaginu stefnt að Þýskalandi. Árið 1954 er Þýskalandi gefinn kostur á að gerast aðilji þess.

Hið útvíkkaða Brüsselsamkomulag varð að nýrri stofnun, sem ber nafnið Western European Union, og er sú stofnun í fullum gangi og hefur talsverða pólitíska þýðingu.

Síðan lausn Saar-málsins fannst með aðstoð Evrópuráðsins, hefur samvinna Frakklands og Þýskalands farið síbatnandi m.a. með sameiginlegri þátttöku í hegsmunasamtökum.

Rétt finnst mér að láta það koma hér fram, að meðan ég dvaldi í Ameríku árin 1950 til 1956 þá tók ég um langan tíma virkan þátt í amerískum málfundafélögum, sem skipuð voru hugsandi mönnum úr öllum stéttum, bæði embættismönnum, hermönnum, sölumönnum o.s.v.frv. Eitt þessara félaga hafði að léni fundarsal í einni af stjórnarbyggingunum í Washington. Þetta voru auðvitað ópólitísk félög, sem höfðu ekki annað tekmark en að sfa félagsmenn í raðumennsku og mennta sig almennt. Var ég einasti útlendingurinn í þessum félögum. Þarna var m.a. Þýskaland tekið til umræðu, og var það almenn skoðun Ameríkana, sem þarna komu fram, að það væri á einokis manns ferri nema Adenauers að stjórna Þýskalandi. Og uggðu menn mjög um framtíð Þýskalands og Evrópu, ef hann myndi skyndilega falla frá.

Það var söguleg stund, þegar de Gaulle og Adenauer féllust í faðma í Elyssée slotinu í París eftir að þeir höfðu undirritað fransk-þýska vináttusamninginn árið 1963. Bæði de Gaulle og Adenauer gáfu það í skyn eftir undirritun fransk-þýska vináttusamningsins, að nú væri úr sögunni öll óvild milli Frakklands og Þýskalands.

Það væri auðvitað mjög eskilegt fyrir Evrópu útaf fyrir sig, og heiminn í heild, ef allt sundurlyndi, sem Frakkland og Þýskaland hafa barist út af á undanfórnum árum væri nú grafið og gleymt.

En til þess að kynna sér þetta sjónarmið frá öllum hliðum, finnst mér rétt að hugleiða, að hve miklu leyti rödd Struthofs keppir við fullyrðingar de Gaulle og Adenauers í þessu sambandi.

S t r u t h o f.

I um það bil klukkutímakeyrslu frá Evrópuráðshúsinu í Strasbourg og á fállegum stað upp í Vogesafjöllunum í Frakklandi er Struthof staðsettur. Struthof er ein þessara nafntogugu fangabúða, sem nazistar ráku víða um Evrópu. Ég hef séð svona fangabúðir áður, en samt er það svo, að það er einhver annarlegur blær umfram það, sem venjulegt er, að kynnast þýzkum fangabúðum í Frakklandi. Sumar fangabúðir Nazista voru verri en aðrar, og Struthof er talin ein af þeim verstu. Frakkar halda þessum fangabúðum við eins og einhvers konar sýnishorni um liðna sögu.

Þetta var á sunnudegi og eins og kunnugt er, þá er það franskur siður að keyra út um helgar með alla fjölskylduna skoða eitthvað og borða svo saman á veitingahúsi.

Það var þessvegna margt um manninn þennan sunnudeg. Það voru mörg þúsund manna sífellt að koma og að fara frá Struthof. Ég stóð þarna með íslenska ráðismanninum í Strasbourg, og biðum við um það bil klukkustund eftir að komast að. Loks kom að því að okkur var hleypt inn um dyrnar í einum hundrað manna hópi. Fyrir hópnum fór lítill kvikur franskur maður, hæruskotinn með einkennishúfu á höfði. Hann skýrði allt fyrirkomulag fangabúðanna út fyrir hópnum með stuttum ræðum, og gekk bersýnilega mjög upp í hlutverki sínu. Hélt hann yfir okkur ræðu sína með jafn miklum eldlegum áhuga eins og þetta væri frumsamin jómfrúsræða hans, en ekki ræða tilbúin af franska ríkinu og afhent honum til flutnings. Ég tók eftir því að hann borðaði í sífelli einhverjar háltöflur, svo þur var hann orðinn í hálsinum þegar um miðjan dag eftir að hafa haldið þessar ræður á ofan í m.

Eftir að við vorum komin inn um dyrnar, var þeim lokað á eftir okkur, og litli kviki Fransmaðurinn með einkennishúfunu ávarpaði okkur:

"Mesdames et Messieurs, þið eruð nú stödd í þýzkum fangabúðum á franskri grund. Ykkur mun gefast nóg tækifæri til þess að kynnast því af eigin sjón og raun, hvernig Þjóðverjar ráku þessar fangabúðir sínar."

Og nú var litli Fransmaðurinn á valdi sinnar eigin málsku, gleynd voru sárindin í hálsinum, og nú voru það áhrifin sem hann hafði á fólkið, sem var það eina sem skipti máli

Þrunginn af tilfinningum brá þessi litli maður upp ljóslifandi mynd fyrir áheyrendum af því, sem skeð hafði þarna í Struthof. Hann talaði heilmikið með höndunum eins og Frakka er síður og sló sér oft á brjóst, þegar honum var sérstaklega mikið niðri fyrir.

Eftir þessa stuttu kynningaræðu leiðdi fransmaðurinn hópin í áttina til gálganna. Fyrir framan gálgann var rúmt áhorfendasvæði stlað meðföngunum til þess að horfa á hverja hengingu. Þarna voru hjólbörur til þess að keyra í burtu líkið þegar einn hafði verið hengdur og einnig hjólavagn á teinum til þess að keyra í burtu líkin eftir fjölda hengingar. Litli Fransmaðurinn skýrði nákvæmlega út fyrir fullorðnum og börnum, hvernig stigið var á hnapp og þá opnaðist gólfíð og fanginn hengist.

Mesdames et Messieurs, svona fóru Þjóðverjarnir að því að hengja fanga í þessum fangabúðum.

Augu barnanna í hópnun urðu starri og spurulli, og lífíll franskur snáði, sem hélt í hendina á þabba sína svona á að giska 7 ára kippti í þabba sinn og sagði: "Pabbi, hversvegna er fólk hengt?"

"Uss, uss drengur minn," sagði þabbinn róandi.

"Mesdames et Messieurs," sagði litli Fransmaðurinn, þið gangið nú inn í húsið, þar sem Þjóðverjar brenndu föngunum. Takið eftir ofnum og löngu skörungunum, sem notaðir voru til þess að skara í þegar eldarnir vildu ekki brenna nógu ört."

"Pabbi, sagði litli snáðinn með svörtu augun, "Af hverju brenna Þjóðverjar fólk?"

"Uss drengur minn, ég skal skýra þetta út fyrir þér, þegar við komum heim".

Litli Fransmaðurinn leiðdi okkur nú inn í létinn sal og benti okkur á eitthvað áhald, sem fangar voru látnir leggjast á þegar þeim var refsað:

"Mesdames et Messieurs, hér var föngunum refsað, 25 vandarhögg var lágmarkið, og svo voru fangarnir látnir telja á þýzku um leið og höggin féllu, og ef þeim fataðist eftir að 20 högg höfðu fallið, þá var byrjað á nýjan leik, svo þau urðu 45".

"Pabbi, sagði litli franskir snáðinn með svörtu augun, "af hverju létu Þjóðverjarnir fangana telja á þýzku, þegar eþeim var refsað? Var það til þess að kenna þeim þýzku?"

./.

"Uss, uss, drengur minn, " sagði pabbinn.

Litli Fransmaðurinn leiðaði hópin inn í herbergi, þar sem stór bekkur eða borð sem svipaði til skurðarborðs stóð á miðju gólfi. Djúpar rásir voru í þessu borði, til þess að veita blóðinu úr föngunum frá þeim. Krakkarnir, sem voru með foreldrum sínum, byrjuðu eins og barna er siður að setja fingurna í rásirnar, þar sem einu sinni lak ferskt blóð úr föngunum.

"Hér er rannsóknarherbergið," sagði litli Fransmaðurinn og skýrði síðan út fyrir áheyrendum ýmis konar hryllilegar rannsóknir, sem ekki verður lýst hér.

Litli franskur svarteygði snáðinn byrjaði að gráta og spurði ekki meir. Pabbi hans tók hann í fang sér, og sagði afsakandi við fólknið í kringum sig: "Það voru teknir úr honum kirtlar nýverið, hann er alltaf svo hvimpinn fyrir umtali um blóð síðan það skeði."

Lýkur hér með frásögninni af Struthof. Ég hef greint frá þessu af því að ég veit að þessar fjölmörgu heimsóknir til Struthof hafa pólitísk áhrif.

Ekki eru það einungis Frakkar, sem þennan stað sækja, heldur fólk langleiðis að, frá Belgíu, Hollandi o.s.v.frv.

Churchill.

Það eru margar milljónir manna víða um heim, sem finna til þakklætisskuldar við Winston Churchill. Þeir eru þakklátir fyrir þá hugdirfsku og hugkvæmni, sem hann sýndi, þegar hann tók að sér forustu fámenns og illa vopnaðs liðs og enerist til varnar að því er virtist óvígum her, búnum nýttísku vopnum og hótandi með ókunnum leynivopnum. Hér var ekki um neina venjulega styrjöld að ræða, því að barist var um rétt einstaklingsins í heiminum til þess að taka sína eigin ákvörðun af frjálsum vilja um hvort hann kysi heldur að búa við lýðræði eða einræði, og öllum er kunnugt hvernig sú saga endaði.

En þessi fjölmörgu maður átti jafn frjósamar hugmyndir í friði sem stríði. Ein af hugmyndum hans var Evrópuráðið, sem hann stlaði það hlutverk að sameina Evrópu á ný. Þessi hugmynd kom greinilega fram í ræðu, sem hann hélt í Zürich 19. september 1946. Ræða þessi hafði örlagaríkar afleiðingar, sem ekki skal rakið frekar hér.

Hversvegna skyldi Churchill hafa lagt svona mikla áherslu á að blása lífsanda í stofnun eins og Evrópuráðið?

Sennilega mætti álykta af raðum hans og ritum, að þegar hann hugsaði til Evrópu í stríðslokun, sundurskotin og blóði drifin eins og hún var, skortandi flest nema hatur, þá hafði þessum reynda manni verið ljóst, að hatur er hráefni, sem margt má smíða úr, og þá einnig vopn, sem jafnt bita sigraða eins og sigurvegará.

Lögfræði.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun og hef ég í samræmi við það í ofangreindum þremur köflum í ársskýrslu minni fyrir árið 1965 gefið sögulegt og pólitískt yfirlit yfir tiltekna pólitíska þróun Evrópu. S

Skal nú vikið að starfsemi Evrópuráðsins á sviði lögfræðinnar. Starfsemi Evrópuráðsins á sviði lögfræðinnar fer sívaxandi. Ekki er þó ástæða til þess að fara mörngum orðum um hana hér, þar sem ég sendi hinu háa ráðuneyti hinn 15. október 1965 ítarlega skýrslu yfir 15 ára starfsemi Evrópuráðsins á þessu sviði, sem ég hafði samið (sjá bréf nr. 91).

Leyfi mér að láta þá hugmynd í ljósi við hið háa ráðuneyti, að heppilegt kynni að vera að senda unga og efni-lega lögfræðinga á kostnað Evrópuráðsins á suma fundi Evrópuráðsins, sem fjalla um lögfræðileg efni til þess að kynnast þar ^hvernig farið er með slík mál hjá alþjóðastofnunum. Læt ég hér fylgja yfirlit yfir aðalnefndir Evrópuráðsins á sviði lögfræðinnar, sem Íslendingar geta sent fulltrúa á. En jafnframt leyfi ég mér að benda á, að auk þeirra starfa margar fámennar undirnefndir, sem hafa það hlutverk að vinna úr lögfræðilegum viðfangsefnum og undirbúa þau fyrir aðalnefndirnar. Leyfi ég mér að vísa til bls. 13 í greindu yfirliti mínu yfir 15 ára starfsemi Evrópuráðsins á sviði lögfræðinnar, en það eru taldar upp sjö undirnefndir, sem þver um sig fæst við viðfangsefni, sem áhugamenn á sviði lögfræðinnar hljóta að hafa áhuga fyrir.

Eftir að hafa rætt þetta mál við forstjóra lagadeildar Evrópuráðsins, teldi ég mjög sennilegt að mér tækist að koma því í kring, að Ísland gæti sent áhugamenn sem áheyrnarfulltrúa á fundi þessara fámennu undirnefnda, og það á kostnað Evrópuráðsins. Má ef til vill læra meira í þessum undirnefndum,

heldur en á starri fundunum.

Hér á eftir er sem sé listi yfir 14 helztu laganefndir Evrópuráðsins:

1. European Committee on Legal Cooperation (CCJ) (2 sérfræðingar frá hverju landi),
2. Committee on the Publication of Digests (1 sérfr. frá hverju landi),
3. Committee on the Convention on Information on foreign law (1 sérfræðingur frá hverju landi),
4. Committee on State Immunity (1 sérfr. frá hverju landi)
5. Committee on Arbitration (1 sérfr. frá hverju landi)
6. Committee on the Convention on bearer bonds (1 sérfræðingur frá hverju landi)
7. Committee on the payment of foreign money liabilities (1 sérfræðingur frá hverju landi),
8. Committee on Comparative Study of European Law (1 sérfr. frá hverju landi),
9. The Standing Committee on the Convention on Establishment (1 fulltrúi frá hverju aðildarríki og 1 áheyrnarfulltrúi frá hverju hinna aðildarríkja Evrópuráðsins)
10. The Committee of Experts on Patents (1 sérfræðingur frá hverju landi)
11. The Committee on Broadcasting and Television (1 sérfræðingur frá hverju landi)
12. The Committee on the transport of animals (1 sérfræðingur frá hverju landi)
13. The Committee of Experts on Human Rights (1 sérfræðingur frá hverju landi)
14. The European Committee on Crime Problems (1 sérfræðingur frá hverju landi).

Fastafulltrúi er fulltrúi Íslands í tveimur laganefndum CCJ (Committee on Legal Cooperation) og The European Committee on Crime Problems.

Viðreisnarsjóðurinn:

Það sem Ísland átti þátt í stofnun Viðreisnarsjóðsins, og þar sem Ísland hefur nýverið tekið 500 þúsund dollara lán hjá sjóðnum í sambandi við Vestfjárkaðatlung, og 500 þúsund dollarar verða teknir að láni til viðbótar til sama tilgangs á árinu 1966, þykir mér rétt og skylt að gera nokkra grein fyrir sjóðnum. En samtals mun Ísland taka að láni hjá sjóðnum tveir milljónir dollara.

. / .

Viðreisnarsjóðurinn var stofnaður í samræmi við ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins, sem gerð var 16. apríl 1956,

Stofnendur voru eftirtalin sjö lönd: Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ísland, Ítalía, Tyrkland og Luxembourg.

Seinna bættist Grikkland í hópinn og 1962 Kýpur.

Innborgað stofnfé þátttökulanda Viðreisnarsjóðsins er sem hér segir:

Belgía	US\$ 330.000
Frakkland	" 11840.000
Þýskaland	" 1.840.000
Grikkland	" 82.500
Ísland	" 10.000
Ítalía	" 11840.000
Luxembourg	" 20.000
Tyrkland	" 780.000
Kýpur	" 40.000

Samtals US\$ 6.782,500

Starfsemi sjóðsins hefur meir og meir færst í það horf seinni árin, að vera eins og almenn bankastarfsemi, sem lætur þó félagsleg vandamál sitja í fyrirrúmi að því er lántökur varðar.

Eftir því sem ég fæ séð, er hagur Viðreisnarsjóðsins nú góður. Trúlegt þykir mér, að sinn þátt í þessu eigi áhugi Þjóðverja fyrir sjóðnum. Þýzki þjóðbankinn hefur lánað sjóðnum einn af starfsmönnum sínum, Ernst Zellner, og er starfsheiti hans: Chef du Departement Financier. Þessi er það, að maður þessi er reyndur bankamaður, var áður en hann var lán-
aður sjóðnum forstjóri eins af útibúum þjóðbankans (Direktor des Deutschen Bundesbank, Zweigstelle Rosenheim), og auk þess er maðurinn feiknarlega duglegur og hefur með þýzkri nákvæmni endurskipulagt allar þær deildir sjóðsins, sem undir hann heyra, og er vakinn og sofinn í því að sjóðurinn fái sem bestar tekjur af stofnfé því, sem þátttökulöndin greiða til hans. En það eru hreint ekki svo litlar tekjur, sem Viðreisnarsjóðurinn hefur af hinu innborgaða stofnfé, þessum 6.782,500, sem þetta var hér að ofan, því að fé þetta er ávaxtað með um það bil 5½% vöxtum, og eru árlegar tekjur sjóðsins af þessu fé um það bil \$373,000. En til viðbótar hefur Viðreisnarsjóðurinn hagnast um það bil US\$ 2 milljónir á undanförunum árum. Þessar tver

. / .

plús rösk milljón \$ í verðbréfum

milljónir dollara/eru ávaxtaðar þannig, að þær gefa um það bil US\$ 170,000 í tekjur á ári.

Árlegar tekjur Viðreisnarsjóðsins eru því cirka:

373,000

170,000

\$ 543,000

Ég var rétt í þessu að tala við Mr. Zellner, sem gaf mér þessar upplýsingar. Í þessu sambandi má geta þess, að fjárhagsáætlun Viðreisnarsjóðsins fyrir árið 1966 er Fr. 924.000,00. Þjóðverjar eru, eins og getið hefur verið áður, miklu ráðandi í Viðreisnarsjóðnum. Auðvitað beita þeir áhrifum sínum í gegnum hr. Zellner. En þar fyrir utan stýrir Ministerialdirektor Wilhelm von Aucock fundum framkvæmdaráðs Viðreisnarsjóðsins. Hin opinberu mál Viðreisnarsjóðsins eru enska og franska. En þrátt fyrir það stjórnar von Aucock öllum fundum framkvæmdaráðsins á þýzku, og heldur allar sínar ræður á þýzku. En þýzka ríkisstjórnin leggur honum til tvo túlka.

Ég minnst á hin sterku þýzku áhrif innan Viðreisnarsjóðsins af tveimur ástæðum. Annarsvegar vegna þess, að Banque Lambert, bankasamsteypa sú, sem öðrum fremur útvegar Viðreisnarsjóðnum lán, leggur mikið upp úr áhrifum Þýzkalands.

Banque Lambert telur sumu lántaka á vegum Viðreisnarsjóðsins ekki eins góða og aðra, og leggur þessvegna mikla áherzlu á að Þýzkaland taki þátt í hverju láni Viðreisnarsjóðsins.

Hin ástæðan er sú, að Þjóðverjar eru mjög hlyntir Íslandi, og naut ég góðs af því, þegar ég var að semja við Viðreisnarsjóðinn samkvæmt fyrirmælum utanríkisráðuneytisins um tveggja milljón dollara lán það, sem getur um hér að framan.

Sjóðurinn skiptist í tver deildir. Stjórnarnefnd (Governing Body), sem tekur ákvarðanir um stefnu og starfsemi sjóðsins. Framkvæmdarráð sjóðsins, sem annast framkvæmdir á ákvörðunum Governing Body.

Viðreisnarsjóðurinn starfar í húsi því, sem hann á við Avenue Kléber nr. 55.

Mikill hluti af vinnu í sambandi við Viðreisnarsjóðinn er framkvæmdir í Strasbourg af þeirri deild Evrópuráðsins, sem heitir Population and Vocational Training Division, og veitir Mr. Catalano henn forstöðu. Catalano er ítalskur áhugaáður.

. / .

Greini ég frá þjóðerni starfsmanna Viðreisnarsjóðsins, vegna þess að eins og Þjóðverjar fylgjast með sjóðnum n.a. í gegnum þá Zellner og von Aulock auk annarra, þá fylgjast Ítalir með sjóðnum í gegnum Catalano o.sv.frv. Yfirmaður Viðreisnarsjóðsins er Mr. P. Schmeiter (President) og var hann að minnsta kosti fyrir eina tíð nafnkunnur í frönskri pólitík, enda um skeið forseti franska þingsins. Yfirmaður þeirrar deildar, sem sinnir framkvæmdum Viðreisnarsjóðsins heitir Rene Plas, og er franskur. Starfsheiti hans er Governor.

Frá byrjun og til 30. júní 1965 hefur Viðreisnarsjóðurinn hlutast til um lánveitingar til þátttökulanda sinna samtals að upphæð US\$ 44.031,013.

Hafa lánveitingar aðallega farið til:

1. Húsbygginga fyrir verkamenn
2. Húsbygginga fyrir flóttamenn
3. Fé til endurbóta á sviði félagsmála (Economic and Social Development).
4. Fé til starfsfræðslu (Vocational Training).

Til þess aðvekja athygli á hinum ýmsu verkefnum, sem Viðreisnarsjóðurinn fæst við, benti fastafulltrúi á það 1963, að Kýpur hefði fengið lág frá Viðreisnarsjóðnum til byggingar skólahúsa. Einnfremur að Kýpur væri að undurbúa lánsumsókn til þess að standast straum af kostnaði við hafnaröryggingu og endurskipulagningu á fiskveiðum Kýpurbúa. (Sjá bréf fastafulltrúa 1963, nr. 78 og 102).

Í þessu sambandi má geta þess, að flutningur verkamanna (Migrant workers) milli landa á meginlandi Evrópu er smám saman að skapa margvísleg vandamál á sviði félagsmála og lögfærði.

Hin stöðugi straumur ítalskra, tyrkneskra og grískra verkamanna til Svíse og Þýskalands á eftir að hafa meiri áhrif á land og lýð heldur en fyrirsjáanlegt er í dag. Í Þýskalandi er meir en ein milljón erlendra verkamanna.

Þýskaland, Grikkland, Ítalía og Tyrkland hafa mikinn áhuga á því að Viðreisnarsjóðurinn láti þessu félagslegu vandamál til sín taka, n.a. með lánum til húsbygginga. Hefur þetta verið fætt nokkuð á fundum Viðreisnarsjóðsins, en er ekki búið að taka enn á sig neina fasta mynd.

Að lokum skal þess getið, að fastafulltrúi hefur þurft að sækja vegna umræðna um lántöku Íslands 7 fundi Viðreisnarsjóðs á árinu 1965. Auk þess fór fastafulltrúi samkvæmt fyrirslum utanríkisráðuneytisins og samkvæmt beiðni Framkvæmdabanka Íslands miðvikudaginn 28. apríl 1965 til París til þess að undirrita 30 víxla fyrir 5000.000 \$.

Við sama tekiferi kom ég því til leiðar, að Viðreisnarsjóðurinn féllst á að skila aftur þessum vixlum, þegar ég afhenti nýja vixla undirritaða af Framkvæmdabankanum. En það hafði þá verið ákveðið, að Framkvæmdabankinn skyldi undirrita láns-samninginn fyrir hönd ríkissjóðs.

Námsstyrkið Eyrópuráðsins til Íslendinga, svo og önnur hlunnindi, sem Íslendingar eiga aðgang að.

Á árinu 1965 var 6 Íslendingum veittur styrkur til iðnfræðslu. Hefur hlutur Íslands verið góður að því er þessa styrki varðar, því að þeir voru samtals 24 og hlaut Ísland 1/4 styrkjanna.

Voru þetta 6 mánaða styrkir og var ferðakostnaður, uppihald, greitt. Þrír málmiðnaðarmenn fóru til Napólí og þrír úr stétt matreiðslu og fæamreiðslumanna fóru einnig til Napólí. Er skýrt frá þessum styrkjum í Albýðublaðinu (Albýðublaðið 23/1.1965: Sex Íslendingum boðið í sex mánaða Ítalíuferð).

Læknastyrkir.

Á árinu 1965 veitti Eyrópuráðið íslenskum læknum styrki sem hér segir:

1. H. Þórarinnsson: Veittur 3ja mánaða styrkur fr.fr.4200 til þess að kynna skurðaðgerðum í sambandi við hjartasjúkdóma í Bretlandi. Læknirinn tók þó ekki allan styrkin, heldur aðeins 1½ mánuð og voru honum greiddir franskir frankar 2.495,00.
2. H. Finnbogasoni lækni var veittur 3ja mánaða styrkur til þess að kynna skurðlækningum í Bretlandi, fr.fr. 4.200,00. Þegar styrkurinn var gerður upp var raunveruleg greiðsla til læknisins: franskir frankar 3.433,00 plús ísl.kr.5.729,00.
3. T. Jónassyni lækni var veittur fr.fr.4.800,00 styrkur til þess að kynna í Bretlandi og Þýzkalandi: Diagnosis of Gastritis and Gastrobiology.
4. K.B. Kjartanseyri lækni var veittur 7.140,00 franska franka styrkur til þess að kynna geðlækningum í Bretlandi (Group Therapy). Er hér um 6 mánaða styrk að ræða.

. / .

Styrkir á sviði félagsmála.

Ísland á kost á styrkjum á sviði félagsmála.

Eru þetta allgóðir styrkir, 4-6 mánuðir fr. 850 eða 1000 á mánuði eftir því hvar dvalið er. Auk þess allur ferðakostnaður greiddur.

Ísland hefur ekki notið sér þessa styrki fyrr en nú í ár, að 5 umsóknir hafa verið sendar.

Styrkir til þess að kynnst fangagæzlumálum.

Evrópuráðið hefur um nokkurn tíma veitt styrk til þess að þeir sem fást við fa ngagæzlumál gætu heimsótt fangagæzlustofnanir í þáttökulöndum og kynnst þar nýjungum og umbótum. Styrkir þessir eru að vísu lágir. En sú fyrirgreiðsla, sem Evrópuráðið veitir á þessu sviði er mikils virði. Sést það af skýrslum Evrópuráðsins, að það eru raunar ekki aðeins fangagæzlumenn, sem hafa notið sér þessa tegund styrkja, heldur og einnig lækmar og sálfræðingar, sem ýmist starfa að umbótum á betrunarhúsum eða eru áhugamenn á því sviði.

Almennt.

Framlag Íslands til Evrópuráðsins árið 1965 var 41.545,55.

Framlag Íslands til Viðreisnarsjóðsins árið 1965 var fr. 403,44.

Peter Smithers framkvæmdastjóri Evrópuráðsins fór til Íslands september til þess að kynnst Íslandi og íslenskum staðhátum. Var hann mjög ánægður með þessa ferð og viðræður sem hann átti við íslenska ráðherra og stjórnálamenn og embættismenn.

Dagana 10. og 11. desember var utanríkisráðherrafundur þáttökulanda Evrópuráðsins haldinn í París. Mætti utanríkisráðherra Íslands, hr. Emil Jónsson fyrir hönd Íslands á fundinn. Með utanríkisráðherra sóttu fundinn fastafulltrúi og deildarstjóri, hr. Niels P. Sigurðsson.

Innkomin og útfarin bréf vegna Evrópuráðsins voru 410. Þar af 121 tölusett bréf til utanríkisráðuneytisins.

Y F I R L I T

YFIR STARFSEMI EVRÓPURÁÐSINS

Á SVIDI LÖGFRÁÐINNAH

FRÁ 1949 - 1965

eftir Pétur Eggerz, sendiherra

15.okt.1965.
